



Forstöðulæknir við slysa- og bráðamóttöku

Laus er til umsóknar staða forstöðulæknis við slysa- og bráðalækningar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Staðan veitist frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 80 -100% starfshlutfall og stöðunni fylgir vinnuskylda við slysa- og bráðamóttöku og sjúkraflug. Staðan er veitt til 5 ára.

Ábyrgðarsvið:

- Forstöðulæknir veitir slysa- og bráðalækningum faglega forstöðu, ber rekstrarlega ábyrgð og starfsamannaábyrgð.
- Tekur þátt í kennslu heilbrigðisstétta og rannsóknarvinnu.
- Hefur umsjón með starfsmannamálum aðstoðar- og deildarlækna og tekur þátt í þjálfun þeirra og kennslu.
- Læknisfræðilegri þjónustu sjúkraflugs er stýrt af forstöðulækni slysa- og bráðamóttöku.

Hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í slysa- og bráðalækningum en til greina kemur að horfa til annarra sérfræðiréttinda.
- Auk fræðilegrar þekkingar og æskilegrar reynslu af stjórnun og kennslustörfum er lögð áhersla á leiðtogaþæfileika og hæfileika á sviði samskipta.

Slysa- og bráðamóttakan sinnir móttöku veikra og slasaðra, hún er opin allan sólarhringinn og er sú stærsta á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Á ársgrunni eru um 13.500 komur á slysa- og bráðamóttöku.

Næsti yfirmaður er Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs sem gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 8600588 og í tölvupósti hildig@fsa.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2014

Umsóknum skal skilað, á umsóknareyðublaði Embætti landlæknis, um læknisstöður sem er á vef sjúkrahússins www.fsa.is. Umsóknir sendist til Þóru Ákadóttur, starfsmannastjóra Sjúkrahússins á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri eða á netfang thora@fsa.is Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf, auk kennslustarfa og staðfest afrit fylgigögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins sem er reyklaus vinnustaður.